

Mál nr. 263/2018

**M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X**

Mannlaus bifreið, sem lagt hafði verið, rann á aðra bifreið 4.2.2018.

Gögn.

Málskot, móttekið 28.8.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
Bréf V, dags. 17.9.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

M lagði bifreið sinni við í bifreiðastæði við gangstétt. Nokkrum mínútum síðar var annarri bifreið lagt nálægt bifreið M og nokkru síðar rann sú bifreið á bifreið M, en báðar bifreiðarnar voru mannlausar og hvorug þeirra í gangi þegar óhappið varð. Báðar bifreiðarnar eru tryggðar hjá V. M segir að þegar aðstæður á vettvangi séu skoðaðar komi í ljós að halli í götunni þar sem bifreiðunum var lagt sé ekki mjög mikill en hálkan hafi verið mjög mikil. M segir að ekki liggi fyrir önnur skýring á því að bifreið sú sem rann á bifreið M hafi byrjað að renna, en sú að gríðarleg hálka hafi verið og bleyta hafi myndast ofan á hálkunni og hafi valdið því að umrædd bifreið rann af stað. V segir að ekkert liggi fyrir um að gengið hafi verið frá bifreiðinni sem rann á bifreið M með óforsvaranlegum hætti. V segir að tjón sem varð á bifreiðunum verði því ekki rakið til sakar ökumanns bifreiðarinnar X.

Álit.

Ekki liggur annað fyrir en að ökumaður bifreiðarinnar X sem rann á bifreið M hafi skilið við bifreiðina með forsvaranlegum hætti. Halli í götunni þar sem óhappið varð er óverulegur miðað við myndir af vettvangi og ekkert sem bendir til þess að ökumaður hafi ekki gætt með eðlilegum hætti að aðstæðum áður en hann skildi við bifreiðina sem rakst á bifreið M. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að tjónið sem varð á bifreiðunum verði rakið til sakar ökumanns bifreiðarinnar X. Ekki verður annað séð, en að um óhappatilvik hafi verið að ræða og tjón M bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X

Reykjavík 16.10.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.